



Skipulags-, umhverfis- og umferðarnefnd Blönduósbæjar - 14. fundur  
haldinn í fundarsal að Hnjúkabyggð 33, 9. nóvember 2015  
og hófst kl. 16:30

**Fundinn sátu:**

Valgarður Hilmarsson formaður, Jakob Jónsson aðalmaður, Oddný María Gunnarsdóttir, varafulltrúi, Bjarni Þór Einarsson byggingafulltrúi og Ágúst Þór Bragason yfirmaður tæknideildar.

**Fundargerð ritaði:** Ágúst Þór Bragason,

**Dagskrá:**

**1. Húsakönnun á Blönduósi - 1504007**

Kynning á húsakönnun fyrir Blönduósbæ. Gestir fundarins eru Guðrún Jónsdóttir, arkitekt og Páll Jakob Líndal. Einnig eru mættir fulltrúar úr sveitarstjórn Blönduósbæjar, þau Anna Margrét Jónsdóttir, Zophonías Ari Lárusson og Arnar Þór Sævarsson, sveitarstjóri. Guðmundur Haukur Jakobsson mætti kl. 16:50 til fundarins.

*Guðrún Jónsdóttir arkitekt fór yfir húsakönnun fyrir Blönduósbæ og kynnti hana ásamt Páli Líndal sem fór yfir uppbyggingu húsakönnunarinnar. Stefnt er að því að drög að niðurstöðum verði endanlega tilbúin um næstu áramót. Ræddi Páll ýmsa möguleika sem eru í stöðunni til að nýta þá vinnu sem farið hefur fram og lagði áherslu á mikilvægi þess að gera deiliskipulag fyrir svæðið í gamla bænum þannig að stefna sveitarfélagsins liggi fyrir. Guðrún ræddi sögu bæjarins og þróun hans og benti á ýmsar leiðir sem hægt væri að styðjast við þegar unnið verður að eflingu gamla bæjarhlutans.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:30**

---

---

---

---